



Auglýsing um skipulagsmál - Skagafjörður

Skipulagslýsing fyrir deiliskipulag: Borgargerði 4 í Borgarsveit

Byggðaráð Skagafjarðar samþykkti á 57. fundi sínum þann 31. júlí 2023 að auglýsa skipulagslýsingu um gerð deiliskipulags fyrir Borgargerði 4 í Borgarsveit skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.


Skipulagslýsingin er unnin af Stoð ehf. verkfræðistofu fyrir hönd landeigenda. Skipulagssvæðið nær yfir 19,5 ha svæði og er á skilgreindu landbúnaðarsvæði L1 í Aðalskipulagi Skagafjarðar 2020-2035. Svæðið afmarkast af Borgargerði 3 að sunnanverðu, Borgargerði 1 og Borgargerði lóð að vestan, Borgargerði 2 og Borgargerði 1 landi 3 að norðan og Sjávarborg 3 austan. Hnitsett landamerki á mótí Sjávarborg 3, Borgargerði 1 og 3 hafa ekki verið staðfest af landeigendum. Markmið fyrirhugaðrar deiliskipulagstillögu eru að fjalla um landnotkun á Borgargerði 4, skilgreina byggingarreiti og fjalla um byggingarskilmála.



Skipulagslýsing fyrir deiliskipulag: Sólheimar 2 í Blönduhlíð

Byggðaráð Skagafjarðar samþykkti á 57. fundi sínum þann 31. júlí 2023 að auglýsa skipulagslýsingu um gerð deiliskipulags fyrir Sólheimar 2 í Blönduhlíð skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagslýsingin er unnin af Stoð ehf. verkfræðistofu fyrir hönd landeigenda. Skipulagssvæðið afmarkast af landamerkjum Sólheimar 2 og er um 11,3 ha að stærð. Viðfangsefni fyrirhugaðrar deiliskipulagstillögu er að gera grein fyrir hugmyndum landeiganda fyrir landnotkun í framtíðinni m.a. að fjalla um starfsemi fyrir dýralækningar á jörðinni og skilgreina byggingarreiti og byggingarskilmála. Skipulagssvæðið er á skilgreindu landbúnaðarsvæði í Aðalskipulagi Akrahrepps 2010-2022.



Skipulagslýsingarnar eru í auglýsingu frá 2. ágúst til og með 6. september 2023. Hægt er að skoða skipulagslýsingarnar í nýrri Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar á www.skipulagsgatt.is. Hægt er að leita eftir máli fyrir Borgargerði 4 undir málsnúmeri 425/2023 og Sólheimar 2 undir málsnúmeri 449/2023. Þar er jafnframt hægt að senda inn athugasemdir og ábendingar meðan á kynningartíma stendur. Lýsingarnar munu jafnframt liggja frammi til kynningar í Ráðhúsinu, Skagfirðingabraut 17-21, Sauðárkróki á skrifstofutíma frá 10-12 og 12:30-15. Einnig er hægt að nálgast gögnin á heimasíðu Skagafjarðar www.skagafjordur.is.

Þau sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að koma á framfæri ábendingum varðandi lýsingarnar og fyrirhugaðar deiliskipulagsáætlanir. Umsagnir skulu vera skriflegar og berast í gegnum Skipulagsgáttina www.skipulagsgatt.is undir máli númer 425/2023 fyrir Borgargerði 4 og nr. 449/2023 fyrir Sólheimar 2. Umsagnir skulu berast í síðasta lagi 6. september 2023. Einnig er hægt að skila inn umsögnum til skipulagsfulltrúa í afgreiðslu Ráðhússins, Skagfirðingabraut 17-21, 550 Sauðárkróki eða á netfangið skipulagsfulltrui@skagafjordur.is.

Umsagnir um skipulagsmál sveitarfélagsins teljast til opinberra gagna. Vakin er athygli á því að nöfn og umsagnir koma fram í fundargerðum Skipulagsnefndar og eru aðgengileg opinberlega á Skipulagsgáttinni. Persónuupplýsingar eru aðeins nýttar í þeim tilgangi að vinna úr athugasemdum og auðkenna sendanda.